

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Íslenskum skipum, sem veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er frá Horni (viðmiðunarstaður 1), í $66^{\circ}55'$ n.br. og $21^{\circ}50'$ v.lgd., að norðan af línu, sem dregin er úr $66^{\circ}55'$ n.br. og $21^{\circ}50'$ v.lgd. í $66^{\circ}59'$ n.br. og $20^{\circ}40'$ v.lgd., að austan markast svæðið af $20^{\circ}40'$ v.lgd.
2. Fyrir Norðausturlandi allt árið, á svæði, er að vestan takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 70 sjómilur utan við viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
3. Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirfarandi punkta:
 - a) $64^{\circ}01'0$ n.br., $14^{\circ}07'0$ v.lgd.
 - b) $64^{\circ}05'5$ n.br., $13^{\circ}46'0$ v.lgd.
 - c) $63^{\circ}49'5$ n.br., $13^{\circ}39'0$ v.lgd.
 - d) $63^{\circ}45'0$ n.br., $14^{\circ}00'0$ v.lgd.
4. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a) $65^{\circ}25'0$ n.br., $27^{\circ}00'0$ v.lgd.
 - b) $65^{\circ}26'0$ n.br., $26^{\circ}54'0$ v.lgd.
 - c) $65^{\circ}08'0$ n.br., $26^{\circ}48'0$ v.lgd.
 - d) $64^{\circ}39'0$ n.br., $26^{\circ}54'0$ v.lgd.
 - e) $64^{\circ}39'0$ n.br., $27^{\circ}02'0$ v.lgd.
 - f) $65^{\circ}03'0$ n.br., $27^{\circ}09'0$ v.lgd.

Enn fremur eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a) $63^{\circ}32'0$ n.br., $22^{\circ}00'0$ v.lgd.
 - b) $63^{\circ}32'0$ n.br., $21^{\circ}10'0$ v.lgd.
 - c) $63^{\circ}00'0$ n.br., $21^{\circ}10'0$ v.lgd.
 - d) $63^{\circ}00'0$ n.br., $22^{\circ}00'0$ v.lgd.
2. Norður af Kögri allt árið á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a) $67^{\circ}17'0$ n.br., $23^{\circ}51'0$ v.lgd.
 - b) $67^{\circ}21'5$ n.br., $22^{\circ}03'0$ v.lgd.
 - c) $67^{\circ}02'4$ n.br., $21^{\circ}47'0$ v.lgd.
 - d) $66^{\circ}57'0$ n.br., $23^{\circ}21'0$ v.lgd.

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar þegar slíkar veiðar eru leyfðar og enn fremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða á svæðinu norður af Kögri.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 10. júlí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland ásamt síðari breytingum á henni nr. 177/1977, 255/1977 og 263/1977.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.